



Hlekkir

[Heimasíða Deloitte](#)

Tengiliðir

Jón Kristinn Ragnarsson
Sérfræðingur | ERS
jon.kristinn@deloitte.is
+ 354 580 3110

Úlfar Andri Jónasson
IT sérfræðingur | ERS
ulfar@deloitte.is
+ 354 580 3322

Vírin 12.tbl.3.árgangur 2013

Kæri viðtakandi,

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarsviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírin er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Þetta er seinasta tölublað fyrir sumarfrí. Vírin kemur öflugur til baka í september.

[Kóða CARBERP óværunnar lekið á netið](#)

Holskefla óværu í vændum?

Nýlega var kóðanum fyrir CARBERP óværuna lekið á netið, en þessi óværa er ákveðin tegund af vírus sem talin er sérstaklega skæð. Eintak af þessari óværu hafði áður verið seld á 40.000 dollara stykkið af höfundum hennar til hvers sem leitaði sér að óværu og var til í að greiða, en nú virðist vera hægt að nálgast eintak án þess að greiða. Talið er að í framhaldi af þessum leka muni margar tegundir óværunnar fara að sýna sig, en þessi óværa hefur meðal annars verið notuð til að stela miklu magni upplýsinga úr tölvum. Óværan hefur þá einnig náð að smita kjarna tölvunnar (e. *boot sector*) þannig að erfitt getur verið að hreinsa hana alveg út. Útgáfan sem lekið var hefur ekki verið fyllilega könnuð þannig að nú er ekki vitað hvort hún leiði til þess að bakdyr opnast sem hleypi óprúttum aðila inn í tölvu þess aðila sem ætlar að prófa óværuna, en sú áhætta er vissulega fyrir hendi. Nú lítur í það minnsta út fyrir að vöxtur muni vera í dreifingu óværu næstu misserin.

[Meira ▶](#)

[Notkun á Apple nafninu eykst í sviksamlegum tilgangi](#)

Óprúttir aðilar notast við ímynd Apple til að svíkja

Vírin hefur áður fjallað um svikapósta (e. *phishing*) þar sem reynt er að pretta

viðtakendur til að gera eitthvað sem þeir ættu ekki að gera, veita aðgang að tölvu eða gögnum eða veita upplýsingar – eða að smella á hlekki sem leiða notendur á smitaðar síður. Almenn er reynt að notast við nöfn sem fólk þekkir, Amazon, Microsoft, Google og aðrar vörur. Undanfarið hefur hins vegar farið að bera meira á Apple nafninu en öðrum í þessari tegund pósta, og hefur það helst verið á þeim tímum þegar Apple hefur verið að kynna nýjar vörur. Þarna er þá hugsanlega einnig verið að höfða til þess algenga misskilnings að Apple vörur séu öruggari en aðrar vörur, en sá misskilningur hefur lengi verið viðloðandi Apple merkið. Vírinn minnir alla notendur sína á að opna tölvupósta með gát, einnig þá sem virðist vera frá Apple.

[Meira ▶](#)

Gríðarleg aukning í óværu fyrir snjallsíma

Helst herjað á Android, en enginn er óhultur

Áður hefur verið fjallað um aukningu í óværu fyrir snjallsíma, en nú eru komnar tölur um þessa aukningu, og þær eru hugsanlega stærri en nokkurn hafði órað fyrir. Samkvæmt rannsókn sem rannsóknarfyritækið Juniper gerði er um að ræða 614% aukningu í óværu fyrir snjallsíma á milli 2012 og 2013, en hafði verið um 155% árið þar á undan. Rannsóknin var gerð með greiningu á yfir 1,8 milljón forritum og veikleikum á helstu stýrikerfum snjallsíma. Komandi hefur í ljós að helst er herjað á Android, enda er þar um 60% markaðshlutdeild að ræða og virðast margir Android notendur ekki hafa uppfært tækin sín í nýjustu útgáfu. Með því að uppfæra ekki skortir varnir sem nauðsynlegar eru til varna gegn margri óværunni. Til að verja síma sína ættu notendur þess vegna að uppfæra tæki sín, að forðast að setja upp forrit og leiki sem koma ekki frá viðurkenndum aðilum og gæta vel að þeim réttindum sem forrit og leikir óska eftir við uppsetningu. Þannig er hægt að stíga mikilvæg skref í átt að öryggi

[Meira ▶](#)

Svikatilraunir eru að aukast

Það á bæði við í gegnum tölvupóst og í almennu vafri

Vírusvarnarframleiðandinn Kaspersky hefur nýlega greint frá því að 87% aukning sé í tilraunum til svika á netinu, en það er greint út frá gögnum yfir 50 milljón notenda vírusvarna þeirra. Svikatilraunir koma bæði í gegnum vafra (89%) og tölvupóst (11%) en lokatakmarkið er það sama sem er að reyna að að stela fjármunum. Það sem vert er að hafa áhyggjur af er hversu sjálfvirkt þetta svikaferli er og hversu lítið virðist þurfa til að koma svikatilraunum í gang. Þrátt fyrir að fréttin frá Kaspersky sé væntanlega sett fram í þeim tilgangi að sem flestir kaupir þeirra vöru leggur Vírinn einungis til að allir notendur hafi uppsetta einhverja vírusvörn og fari varlega á netinu, en vitund er einn mikilvægasti þátturinn í öryggi tölvu og gagna.

[Meira ▶](#)

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið

spurningar eða frekari áhuga á efninu.

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírinn á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd

Smáratorg 3
201 Kópavogur
Iceland

© 2013 Deloitte ehf.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

 **Deloitte RSS feeds**

Afskráning